

Hafnarfjarðarbær
Skipulags- og byggingarráð
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Mótmæli gegn hundagerði á Hörðuvöllum

Undirrituð mómælir þeirri ákvörðun skipulags- og byggingaráðs Hafnarfjarðarbæjar, dags. 9. febrúar sl., þess efnis að 600 m² hundagerði verði komið fyrir á Hörðuvöllum, sbr. fundargerð (dagskrárliður 10). Ákvörðunin byggir á tillögu sem lögð var fram á fundinum en í henni er að finna yfirlitsmynd af fyrirhugaðri hundagerði, girðingu og ásamt því sem vísað er til 3. gr. samþykktar um hundahald.

Ákvörðun skipulags- og byggingaráðs er fremur rýr sem og þau gögn sem liggja að baki ákvarðanatökunni. Ekki fæst séð hvort haft hafi verið samráð við heilbrigðiseftirlit líkt og gert er ráð fyrir. Þá er ekki gerð grein fyrir því hvort hagsmunamat hafi farið fram, einkum hvort farið hafi verið yfir þá hagsmuni sem hundagerði er ætlað að tryggja og og þeir bornir saman við þá hagsmuni sem skertir verða með hundagerði á þessu svæði.

Hörðuvellir eru afar dýrmætt og viðkvæmt svæði líkt og fram kemur í deiliskipulagi svæðisins. Eins og þar kemur fram er það nýtt til útivistar og íþróttar og sækir fjöldi fólks svæðið á öllum árstíðum. Í deiliskipulagi kemur einnig fram að Hörðuvellir séu leik- og dvalarsvæði og að nota eigi vellina áfram fyrir íþróttar- og útivistarnámskeið á sumrin. Þá rennur Hamarskotslækur meðfram Hörðuvöllum og í gegnum miðjan bæinn og setur hann sterkan svip á bæjarmyndina. Nánd svæðisins við sögulegar minjar er mikil, t.a.m. þeim sem tengjast rafvæðingu Hafnarfjarðar og ekki síður þeirri að veggurinn meðfram Tjarnarbrautinni er talinn mikilvægur en hann var hlaðinn í atvinnubótavinnu í kringum 1930. Fyrirhuguð hundagerði kemur til með að liggja meðfram veggnum.

Líkt og fram kemur í deiliskipulagi er svæðið sunnan við Hamarskotslæk hverfisverndað enda er votlendið mikilvægt fæðu og hvíldarsvæði fugla á svæðinu. Innan hverfisverndarmarkna *skal vistkerfi lækjarins, fuglalíf, útivistarmöguleikar og menningarminjar njóta forgangs miðað við hagsmuni annarrar landnotkunar*. Við allar framkvæmdir innan hverfisverndar skal leitast við að viðhalda og styrkja þá þætti sem hverfisverndin nær til. Aðeins er heimil mannvirkjagerð sem tengist þeim þáttum sem hverfisverndin byggir á, s.s. stígagerð, lagnir, staðsetning götugagna o.þ.h. Í fylgiriti með svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015-20140 kemur svo m.a. fram að umhverfi Lækjarins og Hörðuvellir í Hafnarfirði séu sk. bæjargarður en slíkir garðar séu almenningsrými sem gegna mikilvægu hlutverki í góðri byggð. Slíkir garðar eigi að geta borið fjölbreytilega samsetningu útivistar og upplifunartækifæra. Þá segir þar að mikilvægt sé að þróa þessi garðsvæði þannig að notkun þeirra verði sem mest allan ársins hring og að þau *studli að bættu mannlífi og lýðheilsu en rannsóknir sýni hversu mikilvægir slíkir garðar eru með tilliti til þeirra sjónarmiða*.

Notkun á hundagerði einskorðast við afmarkaðan hóp og myndi ákvörðuninni því ætlað að tryggja afmarkaða hagsmuni tiltekins hóps. Notkun á svæðinu mun óhjákvæmilega skerðast þar sem fyrirhuguð hundagerði verður 600 m² og því lítið sem ekkert svæði aflögu til nýtingar í þeim tilgangi sem deiliskipulag gerir ráð fyrir. Ekki fæst séð að gert sé ráð fyrir hundagerði í deiliskipulagi svæðisins né takmarkaðri notkun þess á borð við þá sem felst í útivist sem einskorðuð er við hunda. Hundagerði mun breyta verulega ásýnd og notkun svæðisins og kemur hún til með að hafa neikvæð á áhrif á hagsmuni íbúa við Hörðuvelli, leikskólans Hörðuvalla, Lækjarskóla og ekki síst hagsmuni annarra bæjarbúa sem nýta sér svæðið í útivistar og frístundaskyni.

Ekki fæst séð að lítið hafi verið til alls framangreinds við ákvarðanatökuna né að metin hafi verið væntanleg áhrif hundagerðis né að metin hafi verið hugsanleg áhrif hennar á öryggi og umferð við Tjarnarbraut. Þá má draga í efa að skipulags- og byggingarráði sé stætt að taka ákvörðun sem þessa sem feli í sér viðmóta hagsmunaskerðingu án þess að gætt hafi verið að því að breyta deiliskipulagi svæðisins með hliðsjón af viðeigandi málsmeðferðarreglum.

Fyrirhuguð staðsetning hundagerði er í hjarta Hafnarfjarðar og þangað sækir fólk á öllum aldri á öllum árstíðum í margvíslegum tilgangi. Hún mun fela í sér verulega breytingu á nýtingarmöguleikum svæðisins þar sem hundar hafa ekki valdið ónæði eða vanda. Ekki fæst séð að hagsmunamat hafi farið fram né á hverju ákvörðun um þessa staðsetningu byggir, sér í lagi með hliðsjón af því að hundasleppisvæði eru almennt staðsett í útjaðri byggðar t.a.m. er stutt er í hundasleppisvæði við Hvaleyrarvatnsveg og Bala sem er í Garðabæ við mörk Hafnarfjarðar. Ekki fæst séð að nauðsynlegt hafi verið að hefja framkvæmdir við nýtt svæði í kjarna bæjarins. Nærtækara væri að eyða fjármunum í reglubundna umhirðu á svæðinu fremur en uppsetningu hundagerði.

Undirrituð ítrekar mótmæli sín og kallar eftir því að skipulags- og byggingaráð afturkalli ákvörðun sína. Verði ekki orðið við því verður ákvörðunin borin undir úrskurðarnefnd um umhverfis- og auðlindamál þar sem þess verður krafist að framkvæmdir verði stöðvaðar og ákvörðunin felld úr gildi.

Virðingarfyllst,

Íris Lind Sæmundsdóttir

Íris Lind Sæmundsdóttir
Tjarnarbraut 29
220 Hafnarfirði

Afrit:
Umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar